

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Laugavegur 77 og Hverfisgata 94-96.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 24. ágúst 2016 breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0, Landsbankareits, vegna lóðanna nr. 77 við Laugaveg og 94-96 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að sett er kvöð um aðkomu Orkuveitu Reykjavíkur í kjallara hússins og tekinn er út texti í skilmálum um að koma þurfi fyrir nýrri spennistöð Orkuveitu Reykjavíkur á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Óðinsgata 8b.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 24. ágúst 2016 breytingu á deiliskipulagi reits 1.180.3 vegna lóðar nr. 8B við Óðinsgötu. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall er hækkað úr 1,6 í 2,1. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vesturhöfnin, Grandagarður 20 og Norðurgarður 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 24. ágúst 2016 breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar vegna lóðanna nr. 20 við Grandagarð og 1 við Norðurgarð. Í breytingunni felst breyting á lóðarmörkum Grandagarðs 20 og Norðurgarðs 1, stækkun byggingarreits og skilgreining byggingarreits fyrir inndregnar svalir að Norðurgarði 1. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 8. september 2016.

Björn Axelsson.